

**Fundargerð 118. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur haldinn að Geirsgötu 9, miðvikudaginn 26. október 2016, kl. 14:00.

Viðstaddir: Albína Thordarson formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Halldór Halldórsson og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir og Hjörleifur Finnsson.

Dagskrá:

**1. Fundargerð 117. fundar.**

Fundargerð 117. fundar samþykkt.

**2. Umsóknir um styrki til úthlutunar 2017, fjöldi umsókna og reynsla af endurbættum umsóknargögnum.**

Alls hafa borist um 230 umsóknir. Fimm umsóknir bárust þann 26. október sem ekki verða samþykktar inn að sökum jafnræðisreglunnar.

Reynslan af endurbættum umsóknargögnum hingað til er góð.

**3. Staðan á lokaskýrslum og lokagreiðslum.**

Lýsing á málinu: Þann 22. september 2016 sendi Ferðamálastofa inn erindi til Sigrúnar Brynju Einarsdóttur hjá ANR vegna stöðu styrkveitinga úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða sumarið 2015 (FF9). Samkvæmt reglum er varða úthlutun FF9 átti öllum málum að vera lokið fyrir 31. ágúst en eins og staðan er núna þá er þó nokkrum verkefnum enn ólokið, aðallega frá Vatnajökulspjóðgarði og Umhverfisstofnun. Einnig var töluvert um tilfærslu á fjármagni milli verkefna hjá Minjastofnun og Þingvallarþjóðgarði án þess að sérstök beiðni þess eðlis hafi borist til Ferðamálastofu eins og getið er á um í bréfi ANR sem skýrði skilyrði fjárveitinganna. Það var Eydís Eyjólfsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu fjármála hjá FOR, sem hafði samþykki tilfærsluna fyrir Minjastofnun. Búið er að samþykkja allar lokaskýrslur og ganga frá lokagreiðslum vegna Þingvallarþjóðgarðs. Minjastofnun hefur skilað inn öllum lokaskýrslum nema vegna langstærsta og kostnaðarsamasta verkefnisins en ekki hefur verið gengið frá greiðslum fyrr en afstaða frá ráðuneytinu liggur fyrir.

Niðurstaða: Samkvæmt bréfi frá ANR til Ferðamálastjóra dagsett 26. október 2016 verður Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarði veittur viðbótarfrestur til að bæta úr skýrslum og lokaskýrslum að undangenginni beiðni þar að lútandi. Ekki verður hins vegar um greiðslur að ræða fyrr en fullnægjandi gögnum hefur verið skilað.

Ráðuneytið telur eðlilegt í ljósi þess að Þingvallarþjóðgarður hefur fengið sína styrki greidda út að Minjastofnun verði greiddir út sínir styrkir vegna þegar unninna verkefna í samræmi við samninga þar að lútandi.

**4. Afturköllun styrkja.**

Lýsing á málinu: Til stendur að afturkalla styrki þar sem framvindu- og lokaskýrslur hafa ekki borist FMS.

Niðurstaða: Send verða út þrjú bréf (til að láta vita hvað stendur til að gera, hvað verður gert og síðan hvað hefur verið gert) til að gefa styrkþegum tækifæri á að klára

verkefniin eða skila inn lokaskýrslum ef verkefniin eru þegar búin. Stjórnin verður upplýst um stöðu mála þegar bréfin verða send út.

## 5. Önnur mál


- a. Vettvangsferð stjórnar
  - i. Lagt til að stjórnin fari yfir drögin af ferðinni sem þeim voru send og bæti við athugasemdum og upplýsingum þar sem við á.
- b. Innviðaaáætlunin
  - i. Þann 6.október var birt á síðu UAR drög að áætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum til umsagnar. Þar óskar Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, í samvinnu við forsætisráðuneytið, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga, eftir umsögnum um drög að áætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum, um land allt, til verndar náttúru og menningarminjum. Í áætluninni er sett fram forgangs röðun verkefna sem lagt er til að ráðist verði í á árinu 2017.
  - ii. FMS er að vinna að umsögn. Stjórnin mun ekki skila inn sér umsögn en telur ágæt að FMS ætli að gera það og verður stjórninni sent afrit.
- c. Saga jarðvangur
  - i. Nýr samningur hefur verið útbúinn og þeim sendur í tölvupósti. Beðið er eftir að nýr samningur berist undirritaður.
- d. Markarfljótsbrú –13-272
  - i. Stjórnin leggur til að hefja skuli niðurfellingu styrks á máli nr. 13-272, þar sem engar framvinduskýrslur hafa borist og augljóst er að af þessu verkefni verður ekki.

Næsti fundur 8. nóvember 2016 kl: 8:30.

Fundi slitið kl. 15:20

Fundargerð ritaði : Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, sérfræðingur FMS.

Undirskriftir stjórnarmanna



Albina Þorvaldsson  
Sævar Gunnarsson  
Anna G. Sverrisdóttir  
Haukur Hauksson